

## Fundur 2.12.2010

### Mættir: Sólveig, Karen, Særún, Hildur, Selma, Reynir og Siggí

Skráðar upplýsingar um stjórnarmenn, símanúmer og netföng

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

Hildur sendir fyrirspurn um glærur hjá Helgu Margréti

#### Laufabrauðsnefnd

- Margrét, sem er yfir félagsmiðstöðinni, sá ein um undirbúningsvinnu
- Sendur út póstur á foreldra. Varð til 30 manna hópur sem ætlar að hjálpa til.
  - Búið að skipta niður í hópa
- Ákveðið að foreldrafélagið komi meira að skipulagningu viðburða og beri ábyrgð á fjáröflun.
- Karen kaupir 700 kökur á morgun, feiti, eldhúsrúllur, 500 piparkökur, flórsykur og matarlit
- Þurfum ekki að borga skólahljómsveitinni fyrir að spila en rætt um að gefa þeim eitthvað í staðinn
  - Ákveðið að kaupa vöffur og kakó fyrir þau, hugsað um leið sem styrkur frá stjórninni fyrir 10. bekk
  - Karen útbýr kaffimiða sem þau geta sýnt í kaffisölunni.
- Ef hagnaður þá fer hann til 10. bekkjar, ef tap þá tekur stjórnin það á sig.

#### Umferðaröryggi kringum skólann

- Siggí kom áhyggjum foreldra á framfæri á umferðanefndarfundi
- Ljósastaurar ótengdir. Viljum fá betri lýsingu í kringum skólann sem og kringum gangbrautir að skólanum
- Athuga hvort gangbrautarljós við Álfaheiði sé á fjárhagsáætlun
  - Senda fyrirspurn á bæjarstjóra, bæjarráð og umferðanefnd
- Rætt um mikla umferð frá heimili í skóla
  - Koma tilmælum til foreldra að minnka keyrslu í skólann

#### Bekkjarfulltrúar

- Koma ofangreindum málum til bekkjarfulltrúa um leið og við sendum á þá fundargerð fulltrúaráðsfundar.
- Koma því skýrt til bekkjarfulltrúa, sem mættu ekki á fundinn, að halda skuli fund með foreldrum fyrir námskeiðið frá Heimili og skóla.
- Mæla með að auglýst verði, á foreldrafundinum, eftir foreldrum í umferðarnefnd.

#### Skólaráð

- Farið yfir síðasta fund, sjá nánar fundargerð skólaráðs á heimasíðu skólans
- Settar fram á fundinum spurningar sem skólaráðsfulltrúar foreldrafélagsins unnu úr umræðum á fulltrúaráðsfundi. Fáum svör við þeim seinna (sjá á heimasíðu skólans)
- Beðið um að koma fyrirspurn til skólaráðs, hvort foreldrar geti fengið ástundun nemenda á 2 vikna fresti.
- Reykjaferð 7. bekkjar verður 17-21. janúar
- Niðurskurður um 5,5%

- Morgunrabb með foreldrum í janúar, febrúar
- Stefnumótunardagur verður í mars
- Verið að vinna í gildum skólans
- Tengslakannanir í gangi núna
- Verið að skoða að vera með bekkjarfundi.
  - Námsráðgjafi hjálpar til við að skipuleggja hann
- Athuga að fá niðurstöður úr samræmdu prófum.

### Heimasíða

- Lögð fram tillaga að skipulagsbreytingu á síðunni, undir flípanum foreldrar
  - Fréttir: Þar sé rammi með dagsetningum og viðburðum. Kannski að koma með tilkynningar um dagsetningu á stjórnarfundum o.fl.
  - Starfsáætlun: Blanda saman áformi stjórnar og viðburðum vetrarins.
  - Skólaráð: Setja þar upplýsingar um fulltrúa foreldrafélagsins í skólaráði. Frekari upplýsingar, undir skólaráð, á heimasíðu skólans.
  - Líkamsrækt: Ætti að vera heilsurækt
  - Fræðsla: Athuga hvort hægt er að setja glærur Helgu Margrétar og okkar frá fulltrúaráðsfundinum
  - Hafa samband: Komið inn á heimasíðuna, kemur upp form fyrir fólk til að fylla út og senda.
  - Spurt og svarað: Bæta því við
- Hafa þann hátt á að við sendum á Árna það sem við viljum koma inn á síðuna.
  - [arnijon@kopavogur.is](mailto:arnijon@kopavogur.is)
  - Spurning hvort ritari sjái um að senda fundargerðir
  - Hjálpumst að við annað

### Fréttabréf

Athuga hvort við getum ekki verið með smá dálk í fréttabréfi skólans. Hafa samband við skólastjóra um hvort það sé mögulegt. Fá að vita hvenær næsta fréttabréf komi út.

### Tilkynning til foreldra um miðjan desember

- Kynna stjórnina
- Störf stjórnar fram að þessu
- Minna á heimasíðuna
- Óska foreldrum gleðilegra jóla

Sigurður hefur samband við Gerði og Sigrúnu varðandi að ganga frá málum fyrri stjórnar og fá tölvu stjórnarinnar.

Næsti fundur 13. janúar